

10. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

Tíundi fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 17. desember 2024 kl. 9:00 í fundarherbergi Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Stjórnarmennirnir Árni Helgason og Einar Már Sigurðarson voru forfallaðir og tóku því sæti varamennirnir Jónína Rós Guðmundsdóttir og Anna Guðrún Sigurvinsdóttir. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Eva Björk Valdimarsdóttir, biskupsritari, Drífa Hjartardóttir, forseti Kirkjubings, og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

- 1. Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn**
- 2. Sóknargjöld**
 - Undir liðnum kom Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjubings á fundinn.
 - RV og DH gerðu grein fyrir stöðu máls við endurskoðun sóknargjalda og þeirri vinnu sem átt hefur sér stað í þeim efnum. Fóru fram umræður um málið og þær leiðir sem færar eru.
 - Ákveðið var að aðal- og varamenn í stjórn ásamt forsætisnefnd kirkjubings ræði málið nánar um miðjan janúar. DH mun boða til fundarins. Í framhaldinu yrði kirkjubing kallað saman til að ræða þær hugmyndir nánar.
- 3. Vinna við endurskoðun á skipulagi þjónustu**
 - GKH gerði grein fyrir því að vinna við endurskoðun á skipulagi þjónustu sé hafin. Áfangaskýrsla mun liggja fyrir á kirkjubingi í mars.
- 4. Yfirlit framkvæmdastjóra**
 - Málefni Reykhólts**
 - BG gerði grein fyrir þeim viðræðum sem átt hafa sér stað vegna uppgjors við fyrrum ábúanda.
 - Rekstraryfirlit**
 - BG gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðu fyrstu 11 mánaða ársins 2024.
 - Skeggjastaðir**
 - BG gerði grein fyrir stöðu máls varðandi virkjun Staðarár. Umsagnir liggja fyrir og eru þær jákvæðar. Samningsdrög verða kynnt á næsta fundi.
 - Desjarmýri**
 - BG gerði grein fyrir viðræðum við kaupendur að Desjarmýri. Búið er að ná saman um verð og aðra skilmála og mun BG samþykkja fyrirbyggjandi kautilboð. Undirritaði stjórn umboð til BG.
 - Prestbústaður á Hólmavík**
 - Ákveðið var að hefja söluferli á prestbústaðnum á Hólmavík. Undirritaði stjórn umboð vegna þess.

5. Önnur mál

- a. Fundargerð 9. fundar stjórnar var lesin upp og samþykkt samhljóða.

Næsti fundur var ákveðinn 28. janúar 2025 kl. 9:00. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:37.